



Efni matsáætlunar

Matsáætlun er fyrsta formlega skrefið í umhverfismatsferlinu og gegnir lykilhlutverki við að afmarka og móta innihald matsins. Hún er skjalfest lýsing á því hvernig framkvæmdaraðili hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, hvaða þættir verða teknir til skoðunar og með hvaða aðferðum matið verður framkvæmt. Matsáætlun setur þannig ramma utan um umhverfismatið og stuðlar að því að matið verði markvisst, gagnsætt og í samræmi við umfang og eðli framkvæmdarinnar.

Fjallað er um efni og innihald matsáætlunar í 11. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Í matsáætlun þarf að koma fram hvaða umhverfisþættir verða teknir til mats, hvaða gögn og aðferðir verða notuð, hvaða valkostir verða skoðaðir og hvernig samráð verður framkvæmt. Þá þarf einnig að greina frá þeim áhrifum sem talið er óþarft að meta nánar og rökstyðja slíka afmörkun.

Með skýrri og vel rökstuddri matsáætlun má tryggja að í umhverfismatsskýrslu sé lögð áhersla á þau atriði sem raunverulega skipta máli sem stuðlar að auknum gæðum og skilvirkni í umhverfismati.

Í matsáætlun skal eftirfarandi koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar:

1. Upplýsingar um framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir.
2. Upplýsingar um framkvæmdasvæði.
3. Upplýsingar um umfang og áherslur umhverfismats.
4. Upplýsingar um kynningu, álitsumleitan og samráð við gerð matsáætlunar eftir því sem við á og upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem þegar hafa tjáð sig um framkvæmdina og umhverfismat hennar.
5. Áætlun um kynningu, álitsumleitan og samráð sem eru áformuð við vinnslu umhverfismatsskýrslu.
6. Yfirlit yfir þá sérfræðinga sem koma til með að vinna umhverfismat ásamt upplýsingum um sérfræðipækkingu þeirra og réttindi.
7. Tímaáætlanir, svo sem tímaáætlun um vinnslu umhverfismatsskýrslu, athugasemda- og umsagnarfrestir, opinber umfjöllun Skipulagsstofnunar, áætlun um framkvæmda- og rekstrartíma.

Algengt er að kaflaskipting matsáætlunar taki mið af ofangreindum efnispáttum en kröfur til innihalds matsáætlunar eru birtar með þessum hætti í [reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana](#). Framsetning og kaflaskipting getur þó verið með öðrum hætti svo lengi sem matsáætlunin inniheldur þær upplýsingar sem þurfa að koma fram. Þessari kaflaskiptingu verður fylgt hér á eftir þar sem nánari skil verða gerð á innihaldi hvers kafla.



UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD OG STARFSEMI SEM HENNI FYLGIR

Í þessum kafla matsáætlunar skal veita skýra og heildstæða lýsingu á þeirri framkvæmd sem umhverfismatið tekur til, ásamt þeirri starfsemi sem henni fylgir, bæði á framkvæmdatíma og á rekstartíma. Lýsingin er undirstaða matsins og á að gera lesendum, þar á meðal Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum, kleift að átta sig á umfangi, eðli og tilgangi framkvæmdarinnar.

Matsáætlun á að innihalda eftirfarandi upplýsingar um framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir:

Grunnupplýsingar

Koma skal fram heiti framkvæmdar, möguleg staðsetning, nafn framkvæmdaraðila og dagsetning.

Lýsing á framkvæmd og starfsemi

Gera skal grein fyrir tilgangi framkvæmdarinnar, eðli hennar og umfangi og mögulegri áfangaskiptingu. Lýsa skal þeim helstu þáttum sem framkvæmdin felur í sér, svo sem byggingum, jarðraski, lagnakerfum, vegtengingu, efnistöku, fráveitu eða annars konar verkþáttum. Einnig skal lýsa þeirri starfsemi sem fylgir framkvæmdinni, bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma, þar með talið ef starfsemi felur í sér losun efna, hávaða, lýsingu, flutninga eða notkun auðlinda. Jafnframt skal gera grein fyrir tengdum framkvæmdum.

Nákvæm lýsing á helstu þáttum framkvæmdar og/eða starfsemi í matsáætlun dregur úr líkum á að gerð verði krafa um frekari upplýsingaöflun síðar í ferlinu.

Matsskylda

Greina þarf frá matsskyldu framkvæmdar, með vísan til viðeigandi liða í 1. viðauka laga nr. 111/2021.

Leyfi

Koma skal fram hvaða leyfum framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir er háð, s.s. framkvæmdaleyfi, byggingarleyfi, rannsóknarleyfi, virkjunarleyfi, starfsleyfi og rekstrarleyfi, og hvort fyrirhugað sé að samþætta málsmeðferð sbr. 9. gr. laga nr. 111/2021.

Valkostir

Leggja þarf fram upplýsingar um hvaða valkostir verða til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu og hvernig valkostaumfjöllun verður háttað (sjá nánar leiðbeiningar um valkosti). Einnig ætti, ef við á, að tilgreina að fjallað verði um núllkost og hvernig það verður gert. Með núllkosti er átt við líklega þróun umhverfisins án þess að framkvæmd verði að veruleika.



UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDASVÆÐI

Í þessum hluta matsáætlunar skal framkvæmdaraðili lýsa því svæði sem framkvæmdin er fyrirhuguð á, ásamt áhrifasvæði hennar eftir því sem við á. Lýsingin á að gefa yfirsýn yfir eðli, nýtingu og verndargildi svæðisins og vera nægjanlega ítarleg til að unnt sé að leggja mat á viðkvæmni þess fyrir álagi af völdum framkvæmdarinnar eða starfsemi.

Matsáætlun á að innihalda eftirfarandi upplýsingar um framkvæmdasvæði:

Fyrirhugaðar framkvæmdir á sama svæði

Ef fyrirhugaðar eru aðrar framkvæmdir á sama svæði, hvort sem er á vegum viðkomandi framkvæmdaraðila eða annarra, skal greina frá þeim í stuttu máli. Þetta á við hvort sem um er að ræða framkvæmdir sem þegar hafa verið tilkynntar, eru í leyfisferli, í vinnslu samkvæmt skipulagsáætlun eða hafa þegar verið sætt umhverfismati.

Lýsing á staðhættum og landnotkun

Gera skal grein fyrir megininkennum framkvæmdasvæðisins og næsta nágrennis, þar á meðal landslagi, gróðurfari, dýralífi, vistgerðum og núverandi landnotkun.

Ljósmyndir eru gagnlegar til að varpa ljósi á staðhætti á framkvæmdasvæði

Það getur farið betur á að hafa umfjöllun um umhverfispætti með almennum hætti í þessum kafla og geyma ítarlegri umfjöllun um viðkvæmni og gildi umhverfispáttanna þar til síðar í matsáætluninni þar sem fjallað er um hvernig meta á áhrif á viðkomandi umhverfispætti.

Verndarsvæði og kvaðir

Gera skal grein fyrir verndarsvæðum og öðrum takmörkunum á landnotkun innan framkvæmdasvæðis eða í næsta nágrenni þess. Þetta nær m.a. til friðlýstra svæða, svæða á náttúru-minjaskrá, svæða sem falla undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd, menningarminja og vatnsverndarsvæða. Jafnframt skal greina frá öðrum kvöðum sem geta varðað framkvæmdasvæðið. Þegar framkvæmdasvæði er staðsett innan eða í nágrenni við verndarsvæði er æskilegt að birta kort sem sýnir legu verndarsvæða m.t.t. framkvæmdasvæðisins.

Uppdráttur og áhrifasvæði

Í matsáætlun skal birta uppdrátt sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu framkvæmdarinnar og helstu framkvæmdapáttanna á korti eða loftmynd. Afmarka ætti athugunarsvæði umhverfismatsins og áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Uppdráttur skal sýna framkvæmdarsvæði á skýrum kortagrunni með mælikvarða og norðurpílu. Ástæða getur verið til að auðkenna helstu framkvæmdapætti og/eða áfanga framkvæmdar með skýringum. Einnig þarf að merkja inn á uppdrátt helstu örnefni, sér í lagi þau sem vísað er til í matsáætluninni.



Áhrifasvæði skal skilgreina með hliðsjón af því hvaða umhverfispættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum, svo sem landslag, gróður, fuglar, hljóðvist, vatnafar, loftgæði eða samfélag. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að áhrifasvæði geta verið ólík eftir tegund áhrifa og framkvæmdaþáttum, t.d. geta sjónræn áhrif náð yfir stærra svæði en áhrif vegna rasks á gróðri. Ekki er ætlast til fullrar afmörkunar á öllum áhrifasvæðum á stigi matsáætlunar, en setja ætti fram fyrstu nálgun að áhrifasvæði sem lögð er til grundvallar við val á þeim umhverfispáttum sem teknir verða til mats og við val á þeim aðferðum sem notaðar verða. Athugið að í sumum tilvikum getur umhverfismat m.a. falist í því að meta áhrifasvæði framkvæmdar t.d. með líkanreikningum.

Skipulagsáætlanir

Koma skal fram hvaða skipulagsáætlanir gilda fyrir svæðið, s.s. svæðisskipulag ef við á, aðalskipulag, deiliskipulag og strandssvæðaskipulag ef við á. Greina skal frá því hvort framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulag. Ef framkvæmdin fellur ekki að gildandi skipulagi eða ef skipulagsvinna stendur yfir, skal gera grein fyrir stöðu mála og næstu skrefum í ferli skipulagsbreytinga.



UPPLÝSINGAR UM UMFANG OG ÁHERSLUR UMHVERFISMATS

Í þessum hluta matsáætlunar skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir því hvernig staðið verður að umhverfismati framkvæmdarinnar. Þar á meðal þarf að tilgreina og afmarka þá umhverfispætti sem verða teknir til skoðunar og mats, hvers vegna þeir eru valdir, hvernig mat á áhrifum verður framkvæmt og hvaða viðmið, gögn og aðferðir verða notuð.

Í matsáætlun á framkvæmdaraðili að greina hvaða framkvæmdapættir geta haft áhrif á umhverfið og hvaða umhverfispættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum.

Á grundvelli þeirrar greiningar setur framkvæmdaraðili fram áætlun um með hvaða hætti hann ætlar að meta líkleg áhrif.

Framkvæmdapættir sem geta haft áhrif

Greina þarf frá því hvaða þættir framkvæmdar og starfsemi, sem henni fylgir, séu líklegir til að valda umhverfisáhrifum og lýsa þeim, s.s. stærð og gerð mannvirkja, framleiðsluferlum, magni og gerð mengunarefna og hljóðstigi frá starfsemi. Ef fyrir liggja upplýsingar um stærðir og magn, t.d. mengunarefna, er mikilvægt að þær séu lagðar fram. Við greininguna þarf að horfa til áhrifa á framkvæmdatíma, rekstartíma og samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum.

Umhverfispættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Gera þarf grein fyrir því hvaða þættir umhverfisins er talið líklegt að geti helst orðið fyrir áhrifum þegar tekið er tillit til allra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar miðað við fyrirbyggjandi vitneskju. Eftir atvikum getur t.d. verið tilefni til að fjalla um áhrif á: menn, samfélag, gróður, fuglalíf, jarðmyndanir, landslag og ásýnd, víðerni, vatnafar, vatnalíf og vatnshlot, útivist og ferðamennsku, loftslag, menningarminjar og náttúruvá.

Lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að umhverfismati

Lýsa þarf hvernig fyrirhugað er að standa að umhverfismati, s.s. um gagnaöflun, rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna og leggja fram áætlun um á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis verði lögð áhersla. Gera þarf grein fyrir þeim viðmiðum sem stuðst verður við matið. Ástæða getur verið til að gera greinarmun á þeim áhrifum sem framkvæmdin kann að hafa annars vegar á framkvæmdatíma og hins vegar á rekstartíma.

Fyrirliggjandi gögn

Mikilvægt er að í matsáætlun komi skýrt fram hvaða fyrirliggjandi gögn, rannsóknir og athuganir eigi að nota við matið. Þannig sé ljóst hvaða gögn verði lögð fram til að uppfylla þær kröfur sem koma fram í 11. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Rannsóknir og athuganir

Lýsa þarf þeim rannsóknum eða athugunum sem fyrirhugaðar eru vegna matsins. Eftir því sem við á ætti að tilgreina hvar, hvenær og hvernig fyrirhugað er að gera athuganir og hvernig fyrirhugað er að vinna úr gögnum. Í sumum tilfellum nægir að vísa til viðurkenndrar aðferðarfræði og lýsa aðferðum í stuttu máli en í öðrum tilvikum getur verið tilefni til að lýsa aðferðum nánar, t.d. þar sem vikið er frá stöðluðum aðferðum. Gera skal grein fyrir hverjir koma til að vinna að rannsóknum og athugunum.

Skýr lýsing á fyrirhuguðum rannsóknum getur leitt til styttri málsmeðferðartíma og dregur úr líkum á að kallað verði eftir frekari upplýsingum eftir að umhverfismatsskýrsla er lögð fram.

Aðferðir við mat

Gera á grein fyrir hvaða aðferðum verður beitt við að meta umhverfisáhrifin og hvernig fyrirhugað er að setja niðurstöður matsins fram í umhverfismatsskýrslu. Gagnlegt getur verið að leggja fram rannsóknarspurningar sem matinu er ætlað að svara.

Greiningarvinna á matsáætlunarstigi

Í sumum tilvikum getur þurft að ráðast í greiningarvinnu á matsáætlunarstigi. Sem dæmi um slíkt má nefna matsáætlun fyrir vindorkuver þar sem gert er ráð fyrir að notast við líkanmyndir við mat á áhrifum á landslag og ásýnd.

Til að hægt sé að taka afstöðu til áformanna þarf í matsáætlun að birta sýnileikakort og staðsetningu fyrirhugaðra myndatökustaða fyrir líkanmyndir, ásamt rökstuðningi fyrir vali á staðsetningu myndatökustaðanna. Jafnframt er æskilegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við hagsmunaaðila um val á myndatökustöðum áður en matsáætlunin er lögð fram til Skipulagsstofnunar og að gerð sé grein fyrir fyrirkomulagi samráðsins og niðurstöðum þess í matsáætluninni, m.a. öllum tillögum að myndatökustöðum.



TÍMALÍNA

Í matsáætlun er æskilegt að birta tímaáætlun fyrir helstu verkþætti:

- Matsáætlun og afgreiðslu hennar.
- Gagnaöflun og vinnu við gerð umhverfismatsskýrslu.
- Yfirferð Skipulagsstofnunar á því hvort umhverfismatsskýrsla uppfyllir kröfur og sé í samræmi við matsáætlun.
- Athugun Skipulagsstofnunar, þ.e. opinber umfjöllun stofnunarinnar um umhverfismatsskýrslu.
- Öflun framkvæmdaleyfis og annarra leyfa.
- Framkvæmda- og rekstrartíma.

KYNNING OG SAMRÁÐ

Í matsáætlun þarf að greina í stuttu máli frá kynningu og samráði sem hefur þegar farið fram á vegum framkvæmdaraðila og gefa upplýsingar um efnislega afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina eða matsáætlun.

Í matsáætlun þurfa einnig að koma fram upplýsingar um áætlaða kynningu, álitsumleitan og samráð meðan á vinnu við mat á umhverfisáhrifum og gerð umhverfismatsskýrslu stendur. Gera ætti grein fyrir því hvernig fyrirhugað er að ná til íbúa og hagsmunaaðila á áhrifasvæði framkvæmdarinnar sem og annarra sem gætu látið sig málið varða.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana tilgreina lágmarkssamráð um matsáætlun og umhverfismatsskýrslu. Oft getur verið gagn af því að ráðast í frekara samráð en það sem lög kveða á um, sér í lagi við gerð matsáætlunar. Samráð við hagsmunaaðila við undirbúning matsáætlunar getur t.d. verið góð leið til að bera kennsl á þætti sem ástæða er til að fjalla um í umhverfismati og getur nýst við að útfæra rannsóknir og stuðla að vönduðu mati á umhverfisáhrifum.